

Félags – og skólaþjónusta
RANGÁRVALLA- OG VESTUR- SKAFTAFELLSSÝSLU
Suðurlandsvegur 1-3, 850 Hella og Austurvegur 4, 860 Hvolsvelli

FUNDARGERÐ

84. fundur Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu (FSRV) 2024 var haldinn kl. 09:00 mánudaginn 26.08.2024 í fjarfundi á Teams.

Fundinn sátu: Einar Freyr Elínarson formaður, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir varaformaður, Kristín Hreinsdóttir ritari, Einar Kristján Jónsson, Sigríður Karólína Viðarsdóttir og Svava Davíðsdóttir framkvæmdastjóri.

Kristín Hreinsdóttir ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. *Rafrænar undirritanir fundargerða*

Stjórn samþykkir að notast verði við rafrænar undirskriftir við undirritun fundargerða. Nefndarmenn samþykkja að senda Svövu kennitölur, netföng og símanúmer. Samþykkt samhljóða.

2. *Svör við erindum skólustjórafélagsins og Umboðsmanns Alþingis*

Framkvæmdastjóra er falið að ganga frá svari í samráði við lögmann. Samþykkt samhljóða.

3. *Starfsmannamál*

Rætt um ráðningu verkefnastjóra v. innleiðingar farsældarlaganna. Framkvæmdastjóra falið að fá nánari lýsingu á hlutverki fyrirhugaðs verkefnastjóra hjá SASS og hlutverki farsældarráðanna. Afgreiðslu frestað. Samþykkt samhljóða.

4. *Önnur mál*

a) *Ráðgjafi í málaflokki barna.*

Starfshlutfall aukið úr 60% í 80% frá 1. september nk. Þegar er heimild fyrir aukningunni.

b) *Tímabundin aukning á starfi deildarstjóra öldrunar.*

Tímabundin aukning úr 60% starfi í 80% fram að áramótum. Verið er að skipta um kerfi yfir í Care-on. Aukning hefur orðið á þörf fyrir innlit, sem m.a. snýr að aðstoð við skömmtun lyfja, o.fl. Rúm er innan fjárheimilda. Stjórn gerir ekki athugasemd við þetta.

c) *Kennsluráðgjafi hóf störf 6. ágúst sl. í fullu starfi. Starfið er einnig innan fjárheimilda.*

Næsti fundur verður haldinn 23. september 2024 kl. 09:00.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 10:05.

Undirritunarsíða

Svava Davíðsdóttir

Margrét Harpa Guðsteinsdóttir

Einar Kristján Jónsson

Sigríður Karólína Viðarsdóttir

Einar Freyr Elínarson

Kristín Hreinsdóttir